



# SÝSLUMADURINN Í BOLUNGARVÍK

Aðalstræti 12 - 415 Bolungarvík • Sími 456 1200 • Fax 456 7573 • Kt. 500674-0599 • Banki 1176-26-1 • Netfang bolungarvik@syslumenn.is • Veffang www.syslumenn.is

Bolungarvík, 10. mars 2011.

*Alþingi*

*Erindi nr. P/139/1870*

*komudagur 31. 3. 2011*

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Netfang: nefndasvid@althingi.is

Efni: Athugasemdir við frumvarp til umferðarlaga, þskj. 814-495. mál, á 139. löggjafarþingi 2010-2011.

## I.

Í erindi þessu er lagt til að bætt verði við ákvæði í 4. mgr. 70. gr. frumvarpsins, um skráningu ökutækja, auknum heimildum Umferðarstofu til að afskrá eða með öðrum hætti færa ökutæki úr ökutækjaskrá einhliða, en margt bendir til að í ökutækjaskrá séu skráð fjölmörg ökutæki sem eru ónýt eða ekki lengur til og eigi því vart heima þar.

Lagt er til að nýjum lið, lið c, verði bætt við 5. mgr. 72. gr. frumvarpsins, sem fjallar um skoðun ökutækja, og heimilað að leggja vanrækslugjald á þá sem fá tímabundna heimild Umferðarstofu til að færa ökutæki sitt til skoðunar án þess að nýta þá heimild eða ekki innan tilskilins tíma.

Loks er gerð tillaga um að í 4. mgr. 111 gr. frumvarpsins, sem fjallar um ábyrgð á álagningu gjalds, lögveðsrétt o.fl. verið færð inn heimild til að birta opinberlega almenna tilkynningu (greiðsluáskorun) fyrir þeim eigendum ökutækja sem ekki hafa fært ökutæki sitt til skoðunar og ekki greitt álagt vanrækslugjald og „...ekki næst að senda, á sannalegan hátt, tilkynningu um að krafist verði aðfarar eða nauðungarsölu að tilteknum tíma liðnum,...“ svo vísað sé í texta laganna. Í raun er það svo að í mjög mörgum tilfellum verður ekki send tilkynning á sannanlegan hátt til fjölmargra aðila og þar með komast viðkomandi hjá nauðungarsölu, sem teljast verður bæði ósanngjarn gagnvart þeim sem borist hefur sannanleg tilkynning og verður til að gera innheimtuna erfiðari.

## II.

Um breytingu á 4. mgr. 70 gr. um skráningu ökutækja.

Embætti sýslumannsins í Bolungarvík hefur frá byrjun árs 2009 farið með umsjón álagningar og innheimtu vanrækslugjalda, sem mælt er fyrir um í 67. gr. núgildandi umferðarlaga, sbr. 38. gr. reglugerðar nr. 8/2009 um skoðun ökutækja. Gjaldið er lagt á þá sem ekki færa ökutæki sín til lögmæltrar skoðunar innan tilskilins tíma. Við innheimtuna hefur komið í ljós að talsvert er um að þau ökutæki sem gjaldið er lagt á og skráð eru í ökutækjaskrá, sem Umferðarstofa heldur, eru í raun ónýt og verða ekki notuð framur eða eru hreinlega ekki lengur til, þótt ekkert komi fram um það í skránni. Kom þetta glögglega í ljós þegar embættið óskaði nauðungarsölu á nokkrum tugum ökutækja á liðnu ári, sem vanrækslugjald hafði verið lagt á, og þau skyldu færð úr vörslum eða umráðum skráðs eiganda og á uppboðsstað. Var þá í nánast öllum tilvikum gripið í tómt, ef svo má segja. Samkvæmt upplýsingum þess aðila sem annast skyldi vörslutökuna, hafðar eftir eigendum eða umráðamönnum þeirra ökutækja sem um ræddi og hittust fyrir, var ökutækið sjaldnast lengur til eða aðeins sem hræ auk þess sem viðkomandi vissu oft ekki hvar þau væri að finna, né um skráningarmerki þeirra eða afdrif að öðru leyti.

Í þessu ljósi og miðað við ýmsar upplýsingar um einstök ökuæki sem finna má í ökutækjaskrá, m.a. um aldur eða skráningarár, hvenær ökutæki var síðast fært til skoðunar, hvenær ábyrgðartrygging þess var síðast í gildi, hvaða athugasemdir voru skráðar um ástand þess síðast þegar það var fært til skoðunar, hver skráður er eigandi o.fl. má oft ráða að ökutæki sé ekki lengur í notkun og hafi e.t.v. ekki verið í notkun í mörg ár og jafnvel talsverðar líkur á að það sé ónýtt og því hafi mögulega verið fargað.

Þótt áfram séu lögð bifreiðagjöld á ökutækið eða skráðan eiganda þess og láta megi hugsanlegar inneignir í opinberum gjöldum og til skamms tíma barnabætur og fleiri gjöld ganga upp í skuldina er eins og það dugi oft ekki til að viðkomandi láti afskrá ökuæki sitt eða a.m.k. leggi inn skráningamerki þess. Eins skal bent á að mörg ökutæki eru skráð á einstaklinga og lögaðila sem lýst hafa yfir eignaleyfi sínu við fyrirtöku fjárnáms hjá sýslumanni og skeyta lítt um álögð gjöld eða opinberar skráningar. Sama á við um aðila sem úrskurðaðir hafa verið gjaldþrota og skiptastjórar hafa lokið skiptum hjá en ekki fært ökutæki þeirra á ný nöfn eða óskað afskráningar. Einnig á þetta við um marga einstaklinga, sem eru skráðir fyrir ökutækjum en eru ekki með búsetu hér á landi. Loks getur þetta átt við um látna einstaklinga, jafnvel löngu látna, að dánarbú þeirra eða þeir sem koma fram fyrir þess hönd láta hjá líða að afskrá ökutækið eða umskrá það á nýjan aðila.

Að öllu þessu athugðu sýnist nokkur misbrestur á að ökutæki sem allt bendir til að uppfylli ekki skilyrði til að vera skráð í ökutækjaskrá sé fært þaðan út enda erfitt um vik miðað við núgildandi ákvæði reglugerðar nr. 751/2003 um skráningu ökutækja (9. gr.). Er því hætt við að ýmsar upplýsingar í skránni, m.a. mikilsverðar tölfræðiupplýsingar, séu rangar eða villandi og því ekki eins gott að byggja á henni og ella væri. Til hagræðis eru ákvæði tilvitnaðrar 9. gr. tekin orðrétt upp hér, en af þeim þykir mega ráða að talsvert þarft til að ökutæki verði afskráð:

#### „9. gr.

##### *Afskráning.*

Óski eigandi skráðs ökutækis þess að fá það afskráð, skal það því aðeins gert að:

- a. ólíklegt megi telja að ökutækið verði tekið í notkun á ný og fyrir liggi vottorð um að ökutækið hafi verið mótttekið til úrvinnslu,
- b. ökutækið sé týnt,
- c. ökutækið verði eða hafi verið flutt til annars lands eða
- d. ökutækið sé orðið 25 ára og yfirlýsing liggi fyrir um að það verði varðveitt sem safngripur.

Umferðarstofu er heimilt að afskrá ökutæki án samþykkis eiganda ef staðfest er af þar til bærum aðila að:

- a. ökutækið uppfylli ekki settar reglur um öryggisbúnað og vart sé talið mögulegt að koma því í lögmælt ástand og að fyrir liggi vottorð um að ökutækið hafi verið mótttekið til úrvinnslu,
- b. ökutækið sé týnt eða
- c. ökutækið verði eða hafi verið flutt til annars lands.

Tilkynna skal eiganda ökutækis um fyrirhugaða afskráningu, samkvæmt a lið 2. mgr., og hefur hann mánuð til að koma að mótbárum.

Upplýsingar um afskráð ökutæki eru varðveittar hjá Umferðarstofu.

[Eyðingarvottorð, sbr. a-liði 1. og 2. mgr., skal vera í samræmi við lágmarkskröfur sem koma fram í tilskipun 2000/53/EB, sbr. ákvörðun 2002/151/EB.] “

Að þessu athuguðu þykir mega leggja til að í 4. mgr. 70. gr. frumvarpsins verði í upptalningu á þeim atriðum sem ráðherra er ætlað að setja nánari reglur um í staflíðum a-f, bætt við lið þar sem nefnd verði sérstaklega heimild til að afskrá ökutæki og þar vikið með ótvíræðum hætti að heimild til að

setja reglur um einhliða afskráningu þeirra, eftir atvikum að tilteknum almennum skilyrðum uppfylltum.

Þar sem ekki er útilokað að verið sé að ganga á rétt eða hagsmuni skráðs eiganda ef í ljós kemur að ökutæki sem hefur verið afskráð einhliða er nothæft og því um nokkurt inngríp í eignaskráningu hans að ræða verður að telja æskilegt að sérstök heimild til einhliða afskráningar hafi lagastoð. Ráðherra ákveði síðan í reglugerð í hverju þessar heimildir fælust nánar, t.d. hvort einhvers konar opinbera innköllun eða sérstaka tilkynningu til skráðs eiganda þurfi áður en til afskráningu kemur, en algengt er að ekki náist til skráðs eiganda með almennum tilkynningum eins og nú er gert ráð fyrir í reglugerð um skráningu ökutækja. Við endurskoðun reglugerðar um skráningu ökutækja yrði ráðherra síðan heimilað að ákveða hvers eðlis þessar heimildir yrðu og hver skilyrði þyrfti að uppfylla fyrir afskráningu eða annarri þeirri skráningu sem leiðir til að ekki teljist heimilt að nota ökutæki og það hætti að sæta álagningu opinberra gjalda. Þá mætti vel hugsa sér að sérstök skrá sem aðgengileg væri á netinu yrði haldin yfir ökutæki sem sættu afskráningu eða yrðu eftir atvikum færð úr ökutækjaskrá á einhverja hliðarskrá sem komið yrði upp fyrir ökutæki sem á stendur með eins og að framan greinir. Mögulega mætti setja ákvæði um að þeir sem ekki hefðu afskráð ökutæki hefði ekki heimild til að skrá ný ökutæki fyrr en skráning eldra ökutækis sem ekki hefði verið fært til skoðunar væri komin í rétt horf.

Er lagt til að ákvæðið verði orðað eitthvað á þessa leið (með undirstrikun undirritaðs).

#### 70. gr.

##### *Skráning.*

Áður en vélknúið ökutæki, sem ætlað er til notkunar á vegi í almennri umferð eða á snjó eða hjarni, er tekið í notkun skal ökutækið skráð og skráningarmerki sett á það. Sama á við um eftirvagn bifreiðar eða dráttarvélar. Eigi þarf þó að skrá eftirvagn bifreiðar á beltum eða dráttarvélar sem aðeins er notuð utan vegar. Einnig skal skrá vinnuvél og eftirvagn hennar ef vinnuvélin er notuð til aksturs á vegi.

Áður en beltabífhjól, sbr. skilgreiningu í 3. gr., er tekið í notkun skal það skráð og skráningarmerki sett á það.

Ráðherra getur í reglugerð mælt fyrir um skráningu annarra ökutækja en þeirra sem skráningarskyld eru skv. 1. og 2. mgr. Ráðherra getur einnig ákveðið að eigi þurfi að skrá skráningarskyld ökutæki sem ekki er notað í almennri umferð. Skal þá kveða á um hvar nota megi ökutækið.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skráningu ökutækis og eigenda þess, m.a. um:

- a. tilkynningu eigendaskipta,
- b. skráningarmerki,
- c. skráningarskírteini sem ávallt skal fylgja ökutækinu,
- d. tímabundinn akstur skráningarskylds ökutækis án skráningar,
- e. gjald fyrir viðurkenningu á gerð ökutækis og búnaði þess,
- f. gjald fyrir skráningu og skráningarmerki.
- g. afskráningu ökutækja og heimild til einhliða afskráningar þeirra.

Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um notkun ökutækis sem skráð er erlendis og ökutækis í eigu erlends ríkis, þar á meðal hvernig og hvenær beri að skrá það hér á landi.

Að fenginni skýrri lagaheimild og heimild í reglugerð mætti síðan hefja markvissa afskráningu eða færslu þeirra ökutækja sem telja má að ekki eigi lengur heima í ökutækjaskrá og færa hana þannig nær raunverulegri stöðu. Má fastlega gera ráð fyrir að við það fækkaði skráðum ökutækjum nokkuð og draga mundi úr þeirri umsýslu sem fylgir skráningunni eins og hún er nú. Þá yrðu ýmsar tölfræðilegar upplýsingar úr ökutækjaskrá nær raunveruleikanum m.a. um fjölda ökutækja, meðalaldur auk fleiri atriða. Með þessu mætti einnig draga úr tilgangslítilli álagningu bifreiðagjalda, úrvinnslugjalda og vanrækslugjalda á ökutæki sem ekki eru til og vinnu sem henni fylgir.

B) Um breytingu á 5. mgr. 72. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt ákvæðum 72. gr. frumvarpsins og gildandi reglum skal leggja vanrækslugjald á þá eigendur ökutækja sem ekki færa ökutæki sín til aðalskoðunar og endurskoðunar. Leggja þykir mega til að einnig þeir sem fá tímabundna heimild (Umferðarstofu) til að færa ökutæki til skoðunar á grundvelli 8. gr. reglugerðar um skoðun ökutækja og fá afhent skráningarmerki í trausti þess að ökutækið verði fært til skoðunar innan tilgreindra tímamarka og ekki notað í öðru skyni en til að koma því á skoðunarstöð, sæti álagningu vanrækslugjalds ef ökutækið hefur ekki verið fært til skoðunar innan heimilaðra tímamarka. Greinin þar sem þetta er heimilað er svohljóðandi:

8. gr.

*Skoðun við afhendingu skráningarmerkja.*

Afhenda má skráningarmerki, sem lögð hafa verið inn til geymslu, án þess að ökutæki sé áður fært til aðalskoðunar:

- a. hafi skráningarmerkin verið tekin af ökutækinu af öðrum ástæðum en vanbúnaði;
- b. enda þótt frestur til að færa ökutækið til skoðunar sé liðinn.

Veita skal tiltekinn frest til að færa ökutækið til skoðunar enda hafi eigandi (umráðamaður) lýst því skriflega yfir að ökutækið sé hæft til skoðunar og sérstakar ástæður mæla ekki gegn því að ökutækið verði tekið í notkun.

Ökutæki, sem lögreglan hefur tekið skráningarmerki af vegna vanbúnaðar eða tjóns, skal færa til skoðunar áður en skráningarmerki eru afhent að nýju. Sama gildir um bifreið sem er tjónabifreið samkvæmt skilgreiningu í reglugerð um gerð og búnað ökutækja.

Telja verður að þetta þarfnist vart útskýringar en ýmsir hafa talið að ef þeir færi ekki ökutæki sín til skoðunar þegar svona stendur á leggist gjaldið á. Upplýsingar um ökutæki sem svona háttáði til með yrðu jafnharðan sendar frá Umferðstofu þeim sem annast álagningu gjaldsins og sá annaðist tilkynningu til skráðs eiganda eða umráðamanns um álagninguna líkt og við vanrækslu á aðalskoðun. Ekkert á að vera þessu til fyrirstöðu þótt þetta kallaði e.t.v. á meira eftirlit og vinnu við hverja og eina álagningu, en er þegar álagning fer fram mánaðarlega.

Ekki er kunnugt um að nein viðurlög séu við þeirri háttsemi að draga að færa ökutæki til skoðunar fram yfir heimilaðan frest þegar svona stendur á, sem telja verður bagalegt. Eina úrræðið er að lögregla stöðvi notkun ökutækisins.

Þykir mega gera tillögu um að ákvæðið verði orðað eitthvað á þessa leið (með undirstrikun undirritaðs):

72. gr.

*Skoðun ökutækis.*

Ökutæki, skráð hér á landi, skal færa til reglubundinnar almennrar skoðunar (aðalskoðunar) í samræmi við reglur sem ráðherra setur á grundvelli 3. mgr. Ákvæðið gildir þó ekki um dráttarvél.

Eigandi (umráðamaður) ökutækis ber ábyrgð á því að ökutæki sé fært til skoðunar í samræmi við 1. mgr. Þegar umráð ökutækis byggist á eignarleigusamningi um hlutaðeigandi ökutæki ber umráðamaður þess einn ábyrgðina samkvæmt þessari málsgrein.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skilyrði og tíðni aðalskoðunar skv. 1. mgr. Þá setur ráðherra þar ákvæði um skilyrði annarra tegunda skoðunar, þar á meðal skoðunar við afhendingu skráningarmerkja, skráningaraskoðunar, vegaskoðunar, skoðunar ökutækis sem skráð er til flutnings á hættulegum farmi (ADR-skoðunar), skoðunar vegna breytingar á ökutæki og endurskoðunar. Í reglugerð um skoðun ökutækja skal ráðherra einnig mæla fyrir um hvernig skoðun skuli fara fram, um skoðunarstofur og endurskoðunarverkstæði og

um álagningu og innheimtu vanrækslugjalds, sbr. 5.--7. mgr. þessarar greinar.

Reynist ástand ökutækis, sem lögreglan stöðvar, ekki vera í lögmæltu ástandi má krefjast þess að ökutækið skuli fært til sérstakrar skoðunar hjá skoðunarstofu.

Eigandi (umráðamaður) ökutækis, sbr. 2. mgr., skal við aðalskoðun eða endurskoðun greiða sérstakt vanrækslugjald er renni í ríkissjóð:

a. við aðalskoðun ef ökutæki hefur ekki verið fært til aðalskoðunar fyrir lok annars mánaðar frá því er ökutækið skyldi fært til aðalskoðunar, og

b. við endurskoðun ef ökutæki er ekki fært til endurskoðunar þegar liðinn er mánuður frá lokum þess mánaðar er ökutækið skyldi fært til endurskoðunar.

c. við aðalskoðun eða endurskoðun ef skráningarkerki hafa verið afhent tímabundið og liðin er meira en vika umfram heimiluð tímamörk.

Vanrækslugjald skal vera að fjárhæð 15.000 kr. Sé gjaldið greitt og ökutæki fært til skoðunar, eftir atvikum aðalskoðunar eða endurskoðunar, innan mánaðar frá því að það var lagt á lækkar gjaldið í 7.500 kr. Heimilt er að hækka gjaldið um allt að 100% verði það ekki greitt við skoðun eða endurskoðun sé þess krafist. Gjaldið getur að hámarki orðið 30.000 kr. Heimilt er ráðherra að hækka fjárhæð í samræmi við breytingar á verðlagi.

Vanrækslugjald nýtur lögveðs í viðkomandi ökutæki með sama hætti og gjald skv. 1. mgr. 110. gr., sbr. 2. mgr. 111. gr., en fellur þó ekki niður við eigendaskipti. Um fullnustuaðgerðir vegna innheimtu gjaldsins fer eftir 3. og 4. mgr. 111. gr.

### C) Um breytingu á 3. mgr. 111.gr. frumvarpsins.

Við innheimtu vanrækslugjalds hefur það verið metið svo af embættinu, og fleiri aðilum sem tengjast innheimtu þess, að eins og ákvæði 3. mgr. 109. gr. gildandi laga er orðað, en það er samhljóða 3. mgr. 111. gr. frumvarpsins, verði ekki um frekari innheimtuaðgerðir að ræða takist ekki að senda eða birta tilkynningu um að krafist verði fjárnáms eða nauðungarsölu fyrir skráðum eiganda eða umráðamanni sjálfum eða þeim sem heimild hefur til að koma fram fyrir hans hönd með sannanlegum hætti. Þarf því að finna úrræði til að koma í kring sannanlegri sendingu eða birtingu tilkynningarinnar þannig að eigandi eða umráðamaður ökutækis megi með tryggum hætti vita um fyrirhugaðar aðgerðir.

Liggja þegar fyrir nokkur hundruð kröfur hjá embættinu sem ekki tekst að birta fyrir skuldara, m.a. fjölmargar sem eru á einstaklinga sem aðeins eru skráðir í þjóðskrá með nafn, kennitölu og nafni lands án frekari tilgreiningar. Útilokað verður að teljast að senda eða birta slíkum aðila með sannanlegum hætti tilkynningu um fyrirhugaðar innheimtuaðgerðir. Oft eru þeir raunar skráðir fyrir ökutækjum sem telja má að séu í raun ekki lengur til en eru enn skráð í ökutækjaskrá.

Því er lagt til að í greinina verði bætt við ákvæði sem heimilar opinbera birtingu tilkynningar um fyrirhugaðar innheimtuaðgerðir fyrir þeim sem ekki næst að senda eða birta áskorun um greiðslu með öðrum sannanlegum hætti. Mætti notast við Lögbirtingablaðið í þessu skyni enda yrði slík opinber birting eða auglýsing jafngild hinni sérstöku sendingu eða birtingu. Í framhaldi af slíkri auglýsingu ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að óska fjárnáms hjá eiganda eða nauðungarsölu á ökutæki og að feginni áritun sýslumanns að leita það uppi til að færa á uppboðsstað.

Nefna má það hér að það verður að teljast ósanngjarn gangvart þeim sem þegar hafa greitt álagt vanrækslugjald eða sæta fjárnámi eða nauðungarsölu á ökutæki sínu að þeir sem ekki næst til komist undan innheimtuaðgerðum.

Loks þykir mega nefna að víðast er hætt að tala um lögtak sem innheimtu- eða fullnustuaðgerð í lögum og þess í stað talað um fjárnám. Þykir rétt að breyta ákvæðinu að þessu leyti.

Að framansögðu athuguðu er lagt til að ákvæði 3.mgr. 111.gr. frumvarpsins verði orðað sem hér segir (með undirstrikun undirritaðs):

111. gr.

*Ábyrgð á álagningu gjalds, lögveðsréttur o.fl.*

Gjald, sem lagt hefur verið á skv. 1. mgr. 110. gr., hvílir á þeim sem ábyrgð ber á stöðvun ökutækis eða lagningu. Eigandi ökutækis eða umráðamaður ber einnig ábyrgð á greiðslu gjaldsins ef það greiðist ekki innan tilskilins frests, nema sannað verði að ökumaður hafi notað ökutækið í algeru heimildarleysi.

Gjaldið nýtur fjárnámsréttar og lögveðs í viðkomandi ökutæki. Lögveð þetta gengur fyrir öllum öðrum réttindum í ökutækinu, en fellur niður við eigendaskipti hafi hinn nýi eigandi hvorki vitað né mátt vita um lögveðið. Lögveðið gengur þá á eftir kröfum um opinber gjöld sem tryggð eru með veði í ökutækinu hafi veðinu verið þinglýst áður en gjaldið var lagt á.

Verði álagt gjald ekki greitt innan tilskilins frests skal senda eiganda ökutækisins eða umráðamanni, á sannanlegan hátt, tilkynningu um að krafist verði aðfarar eða nauðungarsölu að tilteknum tíma liðnum, enda hafi greiðsla þá eigi verið innt af hendi. Einnig skal honum gefinn kostur á að koma að mótbárum eða vörnum innan sama tíma. Ef sending tilkynningar tekst ekki eða telja má hana vandkvæðum bundna má birta hana á opinberum vettvangi með sömu réttaráhrifum.

Verði gjaldið ekki greitt innan frests skv. 3. mgr. og engar mótbáru eða varnir hafa verið hafðar uppi má krefjast nauðungarsölu á lögveðinu til lúkningar gjaldinu án undangengins fjárnáms. Einnig má krefjast fjárnáms hjá þeim sem ber ábyrgð á greiðslu gjaldsins skv. 1. mgr. án undangengins dóms eða sáttar.


Vera kann að ákvæði sem þetta ætti fremur heima í lögum um nauðungarsölu, en ekki er vitað til að fyrirhuguð sé breyting á þeim og því er lagt til að þetta verði sett inn hér.

### III.

Framkvæmd ákvæða um álagningu og innheimtu vanrækslugjalds, en lögin tóku gildi 1.október 2008 og álagning hófst 1.apríl 2009, hafi í flestum atriðum gengið vel og skilað margháttuðum árangri þótt enn séu þeir mun fleiri en búast hefði mátt við sem vanrækja að færa ökutæki sín til skoðunar og sæta því álagningu gjaldsins. Stóran hluta skýringarinnar á því má þó telja liggja í því að talsvert mörg í raun ónýt ökutæki sem ekki hefur verið hirt um að skrá úr ökutækjaskrá eru enn skráð þar og sæta áframhaldandi álagningu vanrækslugjalds milli ára.

Eru þegar þetta er ritað útistandandi yfir 200 m.kr. í vanrækslugjöldum. Auk fyrrgreindrar skýringar má áréttta að einfalda þyrfti leiðir til að innheimta kröfurnar með því að heimila opinbera auglýsingu og ná þá einnig með því auknu jafnræði milli þeirra sem sætt hafa álagningu og greiða fljótlega í framhaldinu og þeirra sem meiri erfiðleikum er bundið eða alls ekki tekst að ná til.

Virðingarfyllst,



Jónas Guðmundsson,  
sýslumaður í Bolungarvík.